

FRÉTTIR

Jólin varla hvít í ár

EKKI virðist útlit fyrir hvít jól neins staðar á landinu þetta árið, ef marka má veðurhorfur næstu daga sem lesa má á heimasíðu Veðurstofu Íslands á netinu.

Þar segir að á morgun, mánudag, og á þriðjudag, Þorláksmessu, sé útlit fyrir suðaustan kalda eða stinningskalda og rigningu um sunnan- og austanvert landið, en annars þurrt að mestu. Þá verði hiti á bilinu 2–6 stig.

Aðfangadag og jóladag eru horfur á fremur hægri austlægrí átt, víðast golu eða kalda og skúrum víða um land, en þó slydduéljum norðantil á Vestfjörðum. Hiti verður á bilinu 2–6 stig.

Á annan dag jóla er gert ráð fyrir norðaustan golu eða kalda, slydduéljum við norðurströndina en annars að mestu þurru veðri og 1–6 stiga hita.

Tónleikum Wu-Tang frestað um einn dag

Rappararnir lentu í bíslýsi

TÓNLEIKUM nokkurra félaga rapphljómsveitarinnar Wu-Tang Clan, sem halda átti í gærkvöldi, 20. desember, var frestað um einn dag vegna þess að þeir lentu í bíslýsi á föstudag.

Ingvar Þórðarson tónleikahaldari sagði í gær að tónleikarnir yrðu haldnir í Laugardalshöll í kvöld. Sagði hann að gerðar yrðu ráðstafanir til að endurgreiða þeim, sem hefðu keypt miða á tónleikana, en kæmust ekki í kvöld.

Að sögn Ingvars átti bíslýsið sér stað þegar félagar Wu-Tang Clan voru á leið til Kennedy-flugvallar í New York til að taka flug til Íslands á föstudag. Verið væri að athuga hvort rapparinn Ol'Dirty Bastard hefði orðið fyrir innvortis meiðslum. Hljómsveitin hefði hins vegar fullt af tónleikum um yfirlýðingunni.

Ingvar sagði að allt væri nú þegar til reiðu fyrir tónleikana í Höllinni og eina spurningin væri hvernig færi fyrir flugúkastnámskeiði, sem þar ætti að halda í dag.

Að sögn tónleikahaldarans er allt að því uppselt á tónleikana og hafa þegar verið seldir hátt í fimm þúsund miðar.

Fjármálaráðuneytið ákveður staðgreiðsluhlutfall 1998

Staðgreiðsla lækkar í 39,02% árið 1998

STAÐGREIÐSLUHLUTFALL tekjuskatts og útsvars á árinu 1998 verður 39,02%. Er það lækkun frá yfirstandandi ári um 1,86% en staðgreiðsluhlutfall árið 1997 var 40,88%. Meðalútsvar sveitarfélaga verður 11,61% á næsta ári en skv. lögum sem sett voru sl. vor lækkar tekjuskattur ríkisins úr 29,31% í 27,41% eða um 1,9% um næstu áramót. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá fjármálaráðuneytinu.

Flutningur grunnskóla hefur áhrif á útsvar

Meðalútsvar sveitarfélaganna á yfirstandandi ári var 11,57% en lækkar í 11,61% eða um 0,04%. Hámarksútsvar sveitarfélaga

Meðalútsvar sveitarfélaga lækkar í 11,61%

samkvæmt lögum lækkar úr 11,99% í 12,04% og lágmarksútsvar lækkar á næsta ári úr 11,19% í 11,24%. Breytingar á hámarki og lágmarki útsvars voru gerðar vegna tilflutnings grunnskóla til sveitarfélaga, vegna óvissu um kostnað og vegna mismunandi tekjuparfa sveitarfélaga. Koma þessar breytingar til framkvæmda að jöfnu á yfirstandandi ári og því

næsta, að því er segir í fréttatilkynningunni.

Af 165 sveitarfélögum landsins nota 84 hámarksálagningu útsvars á næsta ári en 69 sveitarfélög verða með útsvar frá 11,60% og upp að hámarkinu. Útsvar 12 sveitarfélaga verður undir meðalútsvari yfir landið allt og þar af verða níu sveitarfélög með lágmarksútsvar.

Fjármálaráðuneytið áætlað að innheimtir verði 57 milljarðar kr. fyrir ríki og sveitarfélög með staðgreiðslu opinberra gjalda á komandi ári en heildartekjur af tekjuskatti og útsvari verði um 58 milljarðar. Þar af renna um 33 milljarðar eða 5% til sveitarfélaganna en 25 milljarðar eða 42% í ríkissjóð.



Morgunblaðið/Þorkell

BÖRN voru í húsinu, þar sem talið er að kveikt hafi verið í barnakerru í gær.

Kveikt í barnakerru

Í GÆR var kveikt í barnakerru sem var í stigagangi í fjölbýlishúsinu í Lúfelli 6. Stigagangurinn fyllist af reykt og söti. Engan sakaði, en húsið er eitt stærsta fjölbýlishús landsins. Í þeim íbúðum sem tilheyra stigaganginum búa 26 íbúar.

Það var fjögurra ára stúlka sem uppgötvaði eldinn þegar hún ætlaði að fara út að leika sér. Hún brást rétt við og sneri til baka, lokaði dyrnum á eftir sér og hraðaði sér

inn til mómmu sinnar og tveggja yngri systkina. Aðrir íbúar brugðust einnig rétt við. Allir héldu dyrum lokaðum svo enginn reykur barst inn í íbúðirnar. Slökkvilið kom fljótt á staðinn og slökkti eldinn. Hann reyndist ekki mikill, en stigagangurinn er illa farinn sökum reyks og söts.

Málið er til rannsóknar hjá lögreglu, en fullvíst er talið að kveikt hafi verið í kerrunni.

14 fá heiðurslaun listamanna

ALÞINGI hefur samþykkt að veita 14 listamönnum heiðurslaun listamanna. Þetta eru sömu listamenn og fengu heiðurslaun í fyrra. Í hópinn vantar Sigfús Halldórsson tónskáld sem lést á árinu. Ekki er gerð tillaga um að annar listamaður fylli hans skarð.

Listamennirnir 14 eru: Atli Heimir Sveinsson, Árni Kristjánsson, Ásgerður Búadóttir, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Halldór Laxness, Hannes Pétursson, Indriði G. Þorsteinsson, Jón Nordal, Jón úr Vör, Jörunn Viðar, Kristján Davíðsson, Matthías Johannessen, Stefán Hörður Grímsson og Thor Vilhjálmsson.

Heiðurslaun listamanna eru ein milljón króna á ári.

Sjálfboðastarf eykst

UNDANFARIN ár hefur vinnuframlag sjálfboðaliða hjá Rauða krossinum í Reykjavík, mælt í vinnustundum, aukist um meira en 60%, að sögn formanns deildarinnar, Sigurveigar Sigurðardóttur. Félagarsáðgjafar á Norðurlöndum hafa rannsakað þátttöku í sjálfboðastarfi í löndunum og önnuðust dr. Sigrún Júlíusdóttir dósent og Sigurveig íslenska þáttinn.

Sama hlutfall og á öðrum Norðurlöndum

Hlutfallslega vinna álfka margir ólaunuð góðgerða- og líknarstörf hér og annars staðar á Norðurlöndunum og er þátttakan fremur mikil miðað við aðrar Vesturlandabjóðir. Lagðar voru spurningar fyrir fólk sem starfar fyrir Rauða krossinn og samtök aldraðra og kom í ljós að 68% þátttakenda eru konur. Hins vegar vinna karlar, sem gefa kost á sér, að jafnaði fleiri stundir.

Er spurt var um forsendurnar fyrir því að menn tækju að sér ólaunuð störf fyrir aðra var helst nefnt að slíkur skerfur til samfélagsins væri í samræmi við almennt gildismat þátttakenda. Margir sögðust einnig vilja auka skilning sinn á kjörum skjólstæðinganna.

■ Af fúsum og frjálsum /10

A

► 1–56

Af fúsum og frjálsum vilja

► Margir eyða drjúgum tíma í sjálfboðastarfi fyrir samtök eða einstaklinga án þess að krefjast launa fyrir vikið. /10

Mikilvægast að greiða niður skuldir

► Staða fjármálaráðherra verður staða leiðindaskarfsins, segir Fríðrik Sophusson í viðtali. /18

Allt var frumstætt — og er ennþá

► Skeggæður prófessoranna Davíðs Davíðssonar og Jóhanns Axelssonar. /22

Góður tími til að spara

► Í Viðskiptum/Atvinnulífi á sunnudegi er rætt Brynhildi Svendsdóttur í Fjárvangi hf. /26

B

► 1–40

Kvennaríki á Klaustri

► Konur stjórna meirihluta opinberra stofnana á Kirkjubæjarklaustri. /1&4–5

Fyrir vikið er hún einstök

► Sr. Ragnar Fjalar Lárusson hefur í áráðir safnað Guðsorðabókum og á eitt fágætasta safn gamalla bóka hér á landi. /10

Nýjar raddir

► Á árinu hafa komið fram þrjár ungar stúlkur í dægurtónlistarheiminum og vakið athygli. /32

C

FERDALÖG

► 1–4

Ponte Vecchio

► Eitt helsta kennileiti Flórens-borgar. /2

Brölt og bleyta

► Þrátt fyrir nálægð jólaanna þykir ekki úr vegi að rifja upp ævintýraferð frá því um síðustu verslunarmannahelgi. /4

D

BÍLAR

► 1–4

Frá grunnhugmynd að framleiðslu

► Það er úti á strætum borganna þar sem sköpunarmátturinn er hvað óheftastur og þannig er því einnig farið um bílahönnun. /2

Reynsluakstur

► Escort með meiri búnaði en lítið dýrari. /4

E

ATVINNA/RAD/SMÁ

► 1–8

Sterk tengsl milli aldurs og eigna

► Úr skýrslu Þjóðhagsstofnunar um tekjur, eignir og dreifingu. /1

FASTIR ÞÆTTIR

Fréttir	1/2/4/8/bak	Stjörnuþá	42
Leiðari	28	Skák	42
Helgisþjall	28	Fólk í fréttum	46
Reykjavíkurbref	28	Útvald./sjónv.	44,54
Minningar	34	Dagbók/veður	55
Myndasögur	40	Skóðun	22b
Bref til blaðsins	40	Dægurtónl.	30b
Hugvekja	42	Mannlífsstr.	34b
Í dag	42	Gárur	34b
Bíds	42		

INNLENDAR FRÉTTIR:

2–4–8–BAK

ERLENDAR FRÉTTIR:

1&6

Jepparnir reynast vel á Suðurskautslandinu

ÍSLENSKU jepparnir frá Arctic Trucks hafa reynst ákaflega vel það sem af er í leiðangri Sænsku pólstofnunarinnar, að sögn þeirra Jóns Svanþórssonar og Freys Jónssonar. Þeir félagar eru aftur komnir í fjarskiptasamband eftir nokkurt hlé meðan leiðangursmenn komu sér fyrir í Wasa rannsóknarstöðinni, en hún er nær beint suður af Ingólfshöfða og 15.264 km frá Reykjavík.

Sérbúnu Toyota Land-Cruiser jöklajepparnir voru notaðir til flutninga fólks og farangurs 153 km leið frá „rampinum“, þar sem ísbrjóturinn lagðist upp að landfastri hafisbrúnni 14. desember síðastliðinn, að Wasa-bækistöð-

inni. „Ferð jeppanna gekk vel þrátt fyrir að færið væri erfitt og þurfti að halda góðri ferð til að fljóta á yfirborðinu“, segir í tölvubréfi frá þeim félögum. Þeir bæta því við að öllum snjóbíllanna hafi ekki lent í leiðinlegra færi á þessum slóðum. Annar bíllinn dró kerru og gat sá ekið á 60 km hraða. Hinn dró íbúðargám á skíðum og fór helmingi hægar. Jón Svanþórsson ók bílnum sem hraðar fór og mun hann hafa sett hraðamet á leiðinni frá „rampinum“ til Wasa, þrátt fyrir færið.

Wasa-stöðin er á fjalli sem stendur um 300 metra upp úr ísnum í fjallgarði sem heitir Vestfjella.

Settu nýtt hraðamet

Leiðangursmenn hafa skipst á að fá að sitja í jeppunum hjá Jóni og Frey. Jepparnir fara mun hraðar yfir en snjóbíllarnir, eru hljóðlátari og þægilegri. Sviarnir hafa einnig fengið að „taka í“ og líkað vel. „Í ferðinni var nýtt hraðamet á landi sett á Suðurskautslandinu að okkur er sagt. Freyr ók á 110 km hraða“, skrifar þeir félagar.

Nánari fréttir af ferð þeirra félaga, Jóns og Freys, er að finna á netinu. Slóðin er <http://www.mbl.is/sudurskaut/> og þar er einnig dagbók jeppamanna.